



Háteigur



12. árgangur 10. tbl.

15. nóvember 2008

www.hateigsskoli.is



HÁTEIGSSKÓLI
40 ÁRA
1968 - 2008

Háteigsskóli í hundrað ár?



Ágætu lesendur

Ég gerist svo djarfur að skrifa undir fyrirsögninni „Háteigsskóli í hundrað ár?“. Tilgangurinn er að sýna rætur skólans. Samt er þetta gert fremur í gamni en alvöru, þó að færa megi fyrir því nokkur rök að skólinn eigi sér sögu aftur til ársins 1908. Það sem er satt er best

að segja og sannleikurinn er sá að við höldum upp á 25 ára afmælið 1993 og 30 ára afmælið 1998 eða öllu heldur ekki fyrr en um vorið 1999 vegna framkvæmda sem þá stóðu yfir og nú höldum við upp á 40 ára afmæli skólans. Ástæða þess að við leyfðum okkur að horfa til rötanna var fyrst og fremst til að færa nemendum okkar og kennurum víðtækara umboð til umfjöllunar í sögulegu samhengi. Með þeim hætti var hægt að horfa til sögu Íslands á 20. öld um leið og við litum til skólans. Æfingaskólinn var stofnaður og yfir hann byggt skólahús 1968 og því er óeðlilegt að halda öðru fram en að hann sé 40 ára, enda hefur þá fyrsti skólastjórinn, Guðmundur Í. Guðjónsson, störf við skólann.

Við höfum ennþá starfandi í skólanum kennara sem kenndi í Æfingadeild Kennaraskólans og hóf þar störf árið 1965. Það er Ólöf Soffía Jónsdóttir sem hætti nú í vor sem textílkennari en hún hefur starfað samfleytt við textílkennslu allan þennan tíma eða í 43 ár. Samkennarar hennar sem fluttu inn í húsnæði skólans haustið 1968 voru kennarar æfingadeildarinnar sem starfað hafði í mörgum mismunandi skólahúsum á síðustu öld fyrir byggingu skólans. Þannig myndar Ólöf Soffía brú aftur í þessa sögu sem er merkileg fyrir marga hluta sakir. Áður en lengra er haldið leyfi ég mér að óska Ólöfu Soffíu innilega til hamingju með sérstaklega farsælan feril sem kennari og feril sem er ekki lokið þar sem hún stundar enn nokkra kennslu við skólann og gerir það af einstakri hlýju, trúmennsku og lífsfjöri sem lífgar upp á hverja stund þar sem hún er nálæg.

Ég ætla að leyfa mér að skyggast örlítið aftur til fortíðar. Þegar æfingakennsla hófst fyrst í Kennaraskólanum við Laufásveg þá fór hún fram í kjallara hússins en fluttist þaðan þegar fór að kólna haustið 1908 þar sem enginn ofn var í kjallaranum. Í æfingadeildinni var þá úrval barna sem kennaranemar fengu tækifæri til að spreyta sig á að kenna. Heimildir herma að alla öldina hafi verið rætt um að byggja sérstakan æfingaskóla sem verður ekki að raunveruleika fyrr en haustið 1968. Það var æfingakennsla víða í grennd við Kennaraskólann á síðustu öld og má nefna Austurbæjarskólann, Græuborg, Ísaksskóla og síðast í húsi Kennaraskólans við Stakkahlíð. Þannig má segja að æfingakennsla hafi verið á hrakhólum þangað til að hún fékk inni í því húsnæði sem Háteigsskóli starfar í núna. Þegar undirritaður skólastjóri kom til starfa haustið 1990 þá má segja að skólinn og starfið hafi enn átt í tilvistarkreppu. Það má orða það þannig að gerð hafi verið tilraun með lögum 1988 að skjóta nýjum og öflugum stöðum undir starf skólans þegar ákveðið var að allir kennarar hans skyldu verða æfingakennarar. Fram að þeim tíma höfðu þróast þeir starfshættir að almennir kennarar störfuðu við hliðina á æfingakennurum. Þessir tveir hópar kennara höfðu sömu skyldur gagnvart nemendum en ólíka ábyrgð og skyldur gagnvart skólastjórn. Til dæmis var kennsluskylda æfingakennara 21 stund á viku á meðan að kennsluskylda almennra kennara voru 28 stundir. Einnig skiluðu æfingakennarar hluta af vinnuskyldu sinni í Kennaraháskólanum og höfðu þar umsjón með hópum kennaranema sem fóru í vettvangsnám í flesta skóla á höfuðborgarsvæðinu og reyndar líka út um land.

Þegar undirritaður kom til starfa í skólanum hafði æfingakennurum fjölgað og var ég sjálfur ráðinn að skólanum sem æfingakennari. Með fjölgun æfingakennara við upphaf tíunda áratugarins og sérstöku tímamagni sem hafði fylgt skólanum frá 1968 sem skólinn hafði sérstaklega til umráða á ári hverju til að stunda tilrauna- og þróunarstarf, hafði verið vel búið að innra starfi skólans. Húsnæðið hins vegar drabbadist niður vegna viðhaldsleysis og skólalóðin var nánast lítið annað en moldarflag með tveimur mörkum auk leiktækja sem foreldrar byggðu með kennurum vorið 1982. Þannig má segja með vissum rétti að inntakið hafi verið tryggt en umgjörðin afar bágborin.

Það var hins vegar ekki fyllilega ljóst hvaða skyldur æfingakennarar höfðu þann tíma sem þeir voru ekki að kenna en um þær skyldur voru haldnir sérstakir fundir og sýndist sitt hverjum. Ég var hins vegar alla tíð þeirrar skoðunar að æfingakennararnir hafi sinnt skyldum sínum og sumir rúmlega það. Nokkrum sinnum á þessum fyrri hluta tíunda áratugarins var vísað til þess að einhver ónefndur háttsettur maður ætti skýrslu í skúffu sinni sem draga mætti fram og í þeirri skýrslu áttu að vera rök fyrir því að leggja skólann niður.

Svo leið að yfirfærslu grunnskólanna til sveitarfélaganna sem ákveðið var að yrði 1996 og þá varð ljóst að taka þyrfti ákvörðun um framtíð skólans. Það var á fundi í sal skólans árið 1995 að formaður fræðsluráðs, Árni Sigfússon, lýsti því yfir að Reykjavíkurborg myndi taka við skólanum og að hann yrði áfram hverfis-skóli og tekinn strax inn í einsetningaráætlun borgarinnar. Þetta var okkur sem þá störfuðu í skólanum fagnaðarefni og horfðum við bjartsýn til framtíðar. Þó var einnig nokkur uggur í fólki þar sem ljóst var að Æfingaskólinn yrði lagður niður í þeirri mynd sem hann hafði verið fram að því. Undirritaður, sem þá var aðstoðarskólastjóri, og Steinunn Helga Lárusdóttir skólastjóri óttuðust að missa æfingakennarana úr skólanum til annarra starfa enda var ljóst að þeir sem vildu starfa áfram yrðu almennir kennarar í hinum nýja skóla.

Við yfirfærsluna 1996 sem svo hefur verið kölluð var samið um framlengingu þess hlutverks sem skólinn hafði gagnvart Kennaraháskóla Íslands fram til hausts 1998. Ákveðið var í samvinnu menntamálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar, Æfingaskólans og Kennarasambands Íslands að þeir æfingakennarar sem höfðu verið ráðnir samkvæmt eldri lögum um hlutverk skólans fengju ársleyfi á launum sem margir nýttu til að endurmennta sig. Þetta var sársaukafullur tími fyrir marga en það var gæfa skólans að kennarakjarninn hélt áfram í skólanum og flestir ef ekki allir sem fengu ársleyfi komu aftur til starfa. Á sama tíma stóðu byggingarframkvæmdir yfir með þeirri óreiðu sem slíku fylgir og haustið 1998 var flutt inn í hálfkarað húsið með svipuðum hætti og gert var þrjátíu árum áður haustið 1968. Reykjavíkurborg hefur síðan staðið vel að frekari uppbyggingu og viðhaldi skólans, þannig að loforðin hafa ekki reynst innantóm orð.

Undirritaður skólastjóri telur að það hafi verið gæfa skólans að kjarni kennarahópsins og starfsfólksins hélt áfram við skólann. Það hafa verið miklar breytingar á starfsliði frá þessum tíma til dagsins í dag en andi gamla Æfingaskólans hefur haldist og má merkja það í kraftmiklu og metnaðarfullu starfi skólans.

Það mætti spyrja sig hér í lokin hver væri kjarni þess starfs sem hér er unnið og aðalsmerki þess eins og stundum er sagt. Undirritaður sem var aðstoðarskólastjóri frá árinu 1991 og skólastjóri frá 1997 hefur tekið þátt í að móta þennan skóla með frábæru starfsliði í gegnum árin og það er tilhlökkunarefni að mæta til vinnu á hverjum degi. Það er því von mín að sú mynd sem ég gef af kjarnanum í starfinu og aðalsmerki þess sé sú hin sama og foreldrar og aðrir sjá og skynja.

Á margan hátt er hægt að segja að myndin á merki skólans sé tákn um það starf sem við erum stolt af og viljum styrkja. Samstarf og samvinna með lýðræðislegum starfsháttum bæði innan skólans og við foreldra um nám barnanna er það sem við trúum að við stöndum fyrir og viljum halda áfram að þróa. Öflugt sjálfsmatskerfi og regluleg samræða innan skólans og við foreldra eykur líkur á stöðugum umbótum til að börnin njóti grunnmenntunar sem skilar þeim vel undirbúnum undir lífið.

Ég óska okkur öllum innilega til hamingju með afmælið með þá von í brjosti að skólinn megi halda áfram að þroskast og dafna.

Ásgeir Beinteinsson
skólastjóri

Háteigsskólaljóð

Háteigsskóli er bestur

og þar er mikill lestur.

Þar er lítill hestur

sem er þar sestur.

Nú er Háteigsskóli gamall

og alls ekki einsamall.

Hann var kennaraskóli

sem stóð á hóli.

Nú fer ég á hjóli.

Eglé Sipaviciute, 6. bekk

Háteigsskóli

Hann Háteigsskólinn minn

hann ég finn

sem góðan skóla

á jólum sé ég marga kjóla.

Nína Kolbrún Gylfadóttir, 6. bekk

Saga Háteigs

Fréttabréf Háteigsskóla, Háteigur, leit fyrst dagsins ljós haustið 1997. Tilgangur Háteigs var þá sami og nú, að flytja fréttir til nemenda, foreldra og annarra velunnara af starfi skólans. Mismunandi var frá ári til árs, hve mörgum tölublöðum var hægt að koma út, því Ásgeir skólastjóri sá um ritstjórn fréttabréfsins og gat oft ekki gefið sér mikinn tíma til þess. Enda er það svo að í mörgum grunnskólum landsins eru enn gefin út fréttabréf í örfá skipti á ári. Árið 2000 komu þó út sjö tölublöð af Háteigi og þótti mikið. Haustið 2001 réðst undirrituð til starfa og eitt af verkefnum mínum er að sjá um Háteig. Síðan þá hefur Háteigur komið út í hverjum mánuði skólaársins. Til viðbótar venjulegum fréttum af góðu skólastarfi hefur frumsamið efni nemenda verið birt og hefur það gefið fréttabréfinu skemmtilegt yfirbragð. Nemendur hafa líka verið duglegir við að semja og að koma efni til ritstjóra, annað hvort beint eða í gegnum kennarann sinn. Háteigur er oftast einblöðungur, þ.e. A-4 blað fjölritað báðum megin. Þó hefur desember- og maíblaðið verið tvöfalt stærra. Í tilefni afmælis skólans er Háteigur nú með veglegasta móti, margar blaðsíður og litprentaður á fínan pappír hjá Samskiptum ehf. Við vonum að honum verði jafnvel tekið hér eftir sem hingað til.

Hulda K. Guðjónsdóttir, fulltrúi skólastjóra og ábyrgðarmaður afmælis-Háteigs

Á annan áratug með Háteigi

Hér á eftir verða birtar nokkrar glefsur úr eldri tölublöðum Háteigs:

1. árgangur, 1. tbl. 26. september 1997:

Frá skólastjóra

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Mig langar til að hefja útgáfu fréttabréfs til að koma upplýsingum og fréttum á framfæri við foreldra, forráðamenn og nemendur í hverfinu. Það er hætt við að það taki tíma að finna farveg fyrir fréttabréfið, svo sem hvenær það eigi að koma út. Í fyrstu ætla ég að leyfa mér að hafa á þessu óreglu, að minnsta kosti á meðan ég er að finna regluna. Hér fyrir ofan sést hvaða málefni eru á dagskrá og tek ég þau fyrir hér á eftir. Ég vona að þessi nýbreytni leggist vel í fólk. Gott þætti mér að fá ábendingar t.d. um fréttir, fréttæfni, inntak allt og útlit.

Með góðri kveðju

Ásgeir Beinteinsson
skólastjóri.

2. árgangur, 1. tbl. 24. febrúar 1998:

Uppsteypa

Ágætu lesendur

Nú fer steinblómið okkar að vaxa upp úr jörðinni. Vinnuhljóðin eru vorsöngur. Tilboð í uppsteypu á viðbyggingu Háteigsskóla voru opnuð þriðjudaginn 20. janúar. Lægsta tilboði var tekið en það var tilboð Völundarverks upp á rétt rúmar 80 milljónir. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að þessi verkþáttur kostaði 108 milljónir. Mismunurinn er því um 28 milljónir. Það var fljótlega samið við verktakana og hófu þeir vinnu af miklum krafti í lok janúar. Við óskum verktakanum til hamingju með verkið og vonum að honum gangi vel. Fáar byggingar eru jafn mörgum jafn hjartfólgnar eins og þessi sem nú rís!

2. árgangur, 2. tbl. 25. mars 1998:

Háteigur

Margir hafa efalaust velt fyrir sér hvaðan nafnið Háteigsskóli er ættað. Árið 1919 reistu hjónin Ragnhildur Pétursdóttir húsmóðir og bóndi frá Engey og Halldór Þorsteinsson skipstjóri og síðar útvegsmaður íbúðarhús rétt sunnan við Rauðarárholt og nefndu Háteig. Ragnhildur sá um búskap á Háteigi þar til byggð var farin að þrengja að rétt eftir 1940. Nú býr dóttir þeirra hjóna Ragnhildar og Halldórs að Háteigi en búið er að selja landareignir Háteigs undir íbúðarhús. Háteigur er við Háteigsveg 36.

Hallbjörn Magnússon 9. ÓG

2. árgangur, 4. tbl. sept. 1998:

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Ég óska öllum til hamingju með einsetinn Háteigsskóla. Háteigsskóli sem áður var Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands bjó við þröngan húsakost í 30 ár. Það er því sérstakt fagnaðarefni hversu glæsilegur hann verður á 30 ára afmælinu sínu 15. nóvember næstkomandi en skólinn var stofnaður þann dag 1968. Þegar flutt var inn í skólann haustið 1968 er mér sagt að nemendur og kennarar hafi þurft að þræða sandhrúgur til að komast leiða sinna til starfa. Á 30 ára afmælinu sínu hefur hann tekið nýja stefnu í lífinu og er almennur grunnskóli í Reykjavík. Það er einlæg von mín að eitthvað af þeim huglægu verðmætum, sem orðið hafa til þessa þrjá áratugi, fylgi skólanum í endurnýjun lífdaga.

Nú strax í haust tökum við 2. og 3. hæð nýbyggingarinnar í notkun. Fyrst í stað verður almenn kennsla í tölvustofunni og í lesveri við hliðina á bókasafninu og einnig í handmenntastofu á 2. hæðinni.

3. hæðin verður hins vegar fullbúin til kennslu.

Bókasafnið þarf að bíða aðeins vegna raka í gólfi

svo og tölvustofan. Gert er ráð fyrir að félagsrými unglunga í nýbyggingunni verði tekið í notkun í október. Síðan verður hvert rýmið klárað af öðru. Öll nýbyggingin verður fullkláruð í síðasta lagi um áramót. Hún verður klædd að utan og sömuleiðis gamla kennsluálman en hugsanlegt er að klæðning hennar teyfist eitthvað.

Fullkomið mótuneytiseldhús verður í skólanum og er því ætlað að þjóna bæði nemendum og kennurum þegar fram líða stundir en það verður ekki tilbúið fyrr en eftir um það bil einn og hálfan mánuð.

Um leið og skólinn klæðir sig uppá í tilefni af öllum þessum tímamótum í lífi hans, þá klæða nemendur og kennarar sig í nýjar hugmyndir. Þær hugmyndir sem ég er nú meðal annars að ýja að eru hugmyndir um umgengni. Við höfum unnið að því að bæta umgengni í skólanum mörg undanfarin ár. Nú hefur verið tekin upp sú stefna að nemendur fari úr útiskóm við útidyr og gangi á sokkum eða inniskóm til stofu. Á meðan skógeymslan í félagsrýminu er ekki tilbúin leggja nemendur í 8. 9. og 10. bekk skóna sína frá sér á teppabúta á tengigangi. Nemendur yngri bekkja í gömlu álmunni skilja skóna sína fyrst í stað eftir fyrir utan stofur sínar á göngunum. Fljótlega munu koma skóhillur í anddyrið. Allir eiga að taka höndum saman til þess að þetta geti orðið að veruleika. Við göngum til glæsilegra verka í glæsilegu húsi. Með von um farsælt samstarf í vetur.

2. árgangur, 6. tbl. des. 1998:

Ráðið í merki skólans

Tvær manneskjur snertast yfir opinni bók og mynda bókstafinn H. Hér er því táknmynd fyrir manneskjur almennt sem geta þess vegna bæði verið tveir fullorðnir eða tvö börn sem nánast snertast. Þarna er því samvinna og samstarf. Hendur tengjast afar viðkvæmnislega sem segir að samstarfið sé milt og gott. Kannski eru þetta ekki hendur heldur tvær hugmyndir um fólk sem snertist og þá eru þetta meira en hendur sem eru að snertast, þetta eru hugsanir. Opna bókin er teigurinn, staðurinn sem samstarfið fer fram. Námið fer því fram í samstarfi á teignum, teigi visku eða vináttu. Þegar horft er á merkið úr fjarlægð er það eins og brosandí andlit. Ef eingöngu er horft á mannvörurnar sem tengjast yfir bókinni þá sjáum við tímaglas á milli þeirra. Það er tíminn sem fer í skólastarfið, skólatíminn sem er svo mikilvægur í lífinu.

Merki Fræðslumiðstöðvar er hins vegar bók sem flýgur með fugli, kannski gátu þau afkvæmi og afkvæmið er bókin sem liggur opin í merkinu okkar.

4. árgangur, 1. tbl. 17. mars 2000:

Álfasaga

Einu sinni var hús hér á lóðinni sem kallað var Álfhóll. Reyndar voru tvö hús á lóðinni og voru þau

bæði kölluð Álfhóll. Þegar sá sem hér segir frá upp-götvaði þetta og svo líka að nafngiftin olli ruglingi þá lagði hann til að annað húsið yrði kallað Álfhóll en hitt Álfheimar. Lengi vel vissu menn ekki og þá ekki skólastjóri Háteigsskóla hvernig á þessari nafngift stóð. Ekki alls fyrir löngu sá skólastjóri hvar Hlín Helga og Gunnar Börkur voru með efni um álfa sem þau ætluðu að fara að vinna með í tengslum við 13. dag jóla. Tókum við þá tal saman um álfa og sagði Hlín Helga þessa sögu og hafði hana eftir Helgu Magnúsdóttur kennara, mikillar fyrirmyndar konu, sem var hér kennari í mörg ár. Skólastjóri átti því láni að fagna að fá tækifæri til að fylgja Helgu heim í miklum snjó einn vetur. Helga geislaði svo af hlýju og gaf svo mikið frá sér að skólastjóri man þennan dag eins og hann hafi verið í gær. Hafði Hlín Helga eftir Helgu Magnúsdóttur að álfasteinn hafi verið á hól þar sem húsið Álfhóll var sett niður og hafi Álfhóll dregið nafn sitt af steininum og hólnum. Ekki mundi Hlín Helga hvort Helga hefði fullyrt að álfar hefðu verið í steininum. Undirritaður veit eins og margir sem kenndu í Álfhól að þar þótti gott að vera þó að stundum væri óþefur af húsinu sem enginn kann ennþá skýringu á. Nú er álfasteinninn á álfhólnum farinn og húsið Álfhóll líka. Þykir skólastjóra því vel við hæfi að hóllinn sem nú hefur verið byggður á lóðinni hljóti nafnið Álfhóll. Hafi verið álfar í hinum forna álfasteini þá hafa þeir örugglega flutt í þennan hól og nafnið því réttnefni.

4. árgangur, 2. tbl. 5. maí 2000:

Vorhátíð

13. maí næstkomandi er hin glæsilega vorhátíð Háteigsskóla sem nú er haldin í fimmta sinn. Vorhátíðin hefur verið þjóðhátíð skólans sem styrkist nú með hverju árinu sem líður. Foreldrafélagið stendur að hátíðinni og taka þar margir höndum saman og gera sér og börnum sínum glaðan dag. Það er von skólastjóra að allir sem vettlingi geta valdið, þó ekki sé né verði vettlingaveður, mæti á hátíðina og geri hana glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Gleðilega hátíð!

5. árgangur, 6. tbl. 28. nóv. 2001:

Bubbi í heimsókn

Bubbi Morthens heimsótti nemendur á unglíngastigi þriðjudaginn 27. nóvember. Er þetta liður í forvörnum gegn eiturflyfjum.

5. árgangur, 7. tbl. 13. des. 2001:

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Senn líður að jólum, hátíð ljóss og friðar. Eins og lesa má í þessari hátíðarútgáfu Háteigs hefur það sem af er skólaársins á margan hátt verið viðburðaríkt og að mati undirritaðs liðið hratt, eiginlega allt of hratt. Tíminn, þessi einkennilega mælieining, virðist á einhvern hátt vera gæddur þeirri furðulegu náttúru að líða mishratt eftir því hver á í hlut og hvert tilefnið er.

Hver man ekki eftir þeirri hugsun úr æsku að finnast tíminn aldrei líða nógu hratt þegar verið var að bíða eftir einhverju langþráðu eða spennandi, t.d. dagarnir til jóla sem ætluðu hreinlega aldrei að líða? Eða þá þegar klukkustundirnar liðu allt of hratt í spennandi leik og áður en varði var kominn háttatími og raddir foreldranna, í flestum tilfellum mæðranna, ómuðu um hverfið er þær kölluðu börnin inn í háttinn.

Stundum er sagt að tíminn fljúgi frá okkur og það gerir hann svo sannarlega oft, ef til vill ekki síst í jólamánuðinum. Samfélag okkar einkennist því miður um of af hraða og streitu þar sem allt of margir virðast ekki hafa tíma til neins; allir eru alltaf að flýta sér. Í erli dagsins gefur fólk sér vart tíma til þess að setjast niður og ræða málin. Skeyti í formi tölvupósts eru að einhverju leyti farin að koma í staðinn. Á margan hátt eiga þau rétt á sér og geta vissulega sparað tíma en hafa persónuleg samskipti ekki meira gildi?

Oft gengur svo mikið á hjá okkur að það er engu líkara en við hugsum okkur að það verði allt að gerast ekki seinna en í dag því það komi enginn morgundagur. Er ekki kominn tími til þess að doka við og hugleiða hvort við séum ánægð með það hvernig við verjum tíma okkar? Gerum við okkur grein fyrir því hve miklu máli skiptir að gefa börnunum okkar tíma? Höfum einnig í huga að veraldlegir hlutir sem við færum þeim eru þeim og einnig okkur minna virði en tíminn sem við gefum þeim.

Að lokum óska ég nemendum, starfsfólki Háteigs-skóla og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og vona að fjölskyldurnar, stórar og smáar, gefi sér og sínum í jólagjöf tíma til þess að njóta þess að vera saman.

Þórður Óskarsson, skólastjóri Háteigsskóla.

6. árgangur, 4. tbl. 30. apr. 2002:

Dans

Haustið 1998 var ákveðið að setja danskennslu inn á stundaskrá nemenda. Var byrjað með 1. og 2. bekk og látið síðan færast upp um einn árgang á hverju ári. Þegar skoðaður er árangur þessarar kennslu ber hæst það áreynslulausa samband sem er á milli kynjanna í þessum bekkjum, svo ekki sé nefnd afbragðs danskunnátta nemenda 5. bekkjar, sem er elsti bekkurinn í danskennslu. Kennslan hefur gengið afar vel í vetur og er dans sjálfsgæður og eðlilegur hluti af stundaskránni.

6. árgangur, 5. tbl. 30. maí 2002:

Danskt kvöld

Nemendur, kennarar og foreldrafulltrúar 8. bekkja stóðu fyrir dönsku kvöldi þann 7. maí sl. Kvöldið var liður í því að kynna krökkunum danska menningu og auka áhuga þeirra á náminu. Það má með sanni segja að það hafi tekist.

Við fengum góðan gest í heimsókn, Marentzu Poulsen smørrebrøds jomfru. Undirrituð og nokkr-

ir foreldrar fengu góða kennslu hjá jómfrúnni um það hvernig ekta danskt smørrebrød er útbúið. Eftir matartilbúning eða klukkan sex hófst svo veislan sjálf og mætti fjöldi manns. Boðið var upp á tvenns konar smørrebrød., „Dyrlægens morgenmad“ og „H.C. Andersen“. Voru gestirnir fræddir um uppruna þessara tveggja tegunda ásamt ýmsum öðrum skemmtilegum fróðleik. Það er skemmtilegt frá því að segja að miklar rannsóknir hafa verið gerðar á uppáhaldssmørrebrød höfundarins fræga og fengum við að bragða á því.

Þegar allir voru orðnir saddir sátum við og „hyggede os“ eins og Dönum er einum lagið, undir ljúfum dönskum tónum. Að því loknu fluttu nemendur Kjalnesingasögu sem lesin hafði verið í íslensku. Þeim tókst mjög vel til og voru sjálfum sér og skólanum til mikils sóma. Þess má geta að nemendur sömdu handritið að leikritinu sjálfir.

Einstaklega vel heppnað kvöld og líður nemendum, foreldrum og kennurum seint úr minni.

Sóley Halldórsdóttir, dönskukennari.

6. árgangur, 6. tbl. 23. ág. 2002:

Nýjungar

Lyftan í nýju álmunni er komin í notkun. Er hún eingöngu ætluð ræstingafólki til afnota. Búið er að klæða einn vegg í myndmenntastofu til að minnka bergmál. Ef það dugar ekki verða fleiri veggir klæddir. Gangur á miðhæð í A-álmum var dúkklagður og lokið var við að ramma inn veggjöflur í B-álmum. Handbolta- og körfuboltavellir voru merktir á skólalóð ásamt nokkrum tegundum af Parísnum. Ekki var hægt að verða við beiðni okkar um lausar skólastofur vegna fjölgunar nemenda í 1. bekk. Nemendur í 2. bekk verða því í sömu stofum og síðasta vetur, en búið er að auka rýmið þar og setja inn séringang fyrir stofu 106. Einnig eru væntanleg ný skólahúsgögn sem fer minna fyrir en þau sem eru núna. Eftir er að lagfæra hellu- og steinalagnir á lóð og einnig vantar opnanleg fög í skála í unglingarými. Í vor var okkur úthlutað 6 nýjum tölvum, en til leiðréttingar á mistalningu síðasta vetur fengum við 16 nýjar tölvur í haust. Þær fóru flestar í tölvustofuna. Búið er að setja upp myndasíðu í tengslum við heimasíðu skólans. Þar sjáum við myndir frá ýmsum atburðum í skólalífnum. Smellt er á „Háteigsskóli“ til að sjá valhappinn fyrir myndirnar.

7. árgangur, 3. tbl. 31. mars 2003:

Leikræn tjáning

Samþykkt hefur verið að styrkja Háteigsskóla til að verða móðurskóli í leikrænni tjáningu og leiklist í skólastarfi. Þetta er verkefni til nokkurra ára og verður fyrsta árinu varið í almennan undirbúning. Stefnir er að því að flétta leikrænni tjáningu inn í flestar námsgreinar og á öllum stigum skólans. Ása Helga Ragnarsdóttir mun stýra þessu verkefni en auk hennar vinna Rannveig Þorkelsdóttir og Elín Lilja Jónasdóttir að verkefninu. Leikræn tjáning nýttist vel á flestum

sviðum í skólasterfi. Hún er m.a. notuð til að festa betur staðreyndir, þjálfá félagsfærni og auka sjálfs-traust. Við væntum mikils af þessu verkefni og trúum því að það verði öllu skólasterfi til góðs.

7. árgangur, 6. tbl. 25. ág. 2003:

Nýjungar

Þessi fyrsti vetur Háteigsskóla sem móðurskóla í leikrænni tjáningu verður notaður til að þróa verkefni sem henta öllum árgöngum og flestum námsgreinum. Búið er að skipuleggja hvernig allir nemendur og kennarar skólans kynnist leikrænni tjáningu í vetur. Er ekki að efa að þetta verkefni kemur öllu skólasterfi til góða.

Í haust verða fagstofur á efstu hæð B-álmú. Þetta þýðir að fögin verða að mestu kennd í sömu stofu og nemendur þurfa að flytja sig meira á milli stofa. Í framhaldi af því þurfti að breyta stundatöflu á unglíngastigi örlítið, þannig að fyrsti tími hefst kl. 8:25 á morgnana. Við gerum þessa tilraun í vetur og sjáum hvernig til tekst.

Helstu framkvæmdir í sumar voru þær að málaðir voru gangar og tvær stofur í B-álmú, á þriðju hæð A-álmú voru lagðir nýir gólfdukar og í kjallara fyrir fram- an skólasel er búið að þilja af rými sem nýtist okkur m.a. til danskennslu. Nú standa yfir steypuviðgerðir utan á múrveggjum skólans. Þeim lýkur fljótlega, en ekki er víst hvort skólinn verður málaður á árinu. Verið er að útbúa viðtalsherbergi í kjallara hjá skólaseli.

Í tölvustofu er búið að setja upp rafræna töflu, svokallaða Smart-töflu. Í september koma fleiri tölvur í skólann og standa þá vonir til að tölvur geti verið í öllum kennslustofum.

Þar sem teikningar lágu ekki fyrir í vor var ákveðið að fresta stækkun eldhúss til næsta sumars. Áætlað er að framkvæmdir hefjist strax og skóla lýkur í júní 2004. Með stækkun eldhússins verður komin aðstaða til að bjóða nemendum unglíngastigs upp á heitan mat. Einnig verður væntanlega sett upp lyfta í A-álmú næsta sumar, en hún er ætluð til að bæta aðgengi fatlaðra að skólanum.

7. árgangur, 8. tbl. 17. okt. 2003:

Norðmenn í heimsókn

Nemendur í 10. bekk Háteigsskóla taka þátt í samstarfsverkefni í kvikmyndagerð ásamt Réttarholts- skóla, Laugalækjarskóla og Ringstabekk skóla í Noregi dagana 20. – 23. október næstkomandi. Norsku gestirnir eru 63 talsins (57 nemendur, 4 kennarar og 2 foreldrar) og mun stór hluti nemendanna gista heima hjá 10. bekklingum. Dagskráin hefst með kvöldverði í boði Háteigsskóla á mánudagskvöldið og á þriðjudagsmorgun hefst undirbúningur við gerð stuttmyndanna sem norskir og íslenskir nemendur vinna að í sameiningu. Þema stuttmyndanna er „The Sky Is the Limit“ og má án efa búast við skemmtilegum og frumlegum útfærslum. Fullbúnar myndir

verða sýndar í sal Réttarholtskóla eftir hádegi á fimmtudeginum. Um kvöldið snæða nemendur saman hátíðarkvöldverð í Kiwanishúsinu við Engjateig. Þá verða einnig afhentar viðurkenningar og að lokum verður haldið kveðjuball í sal Háteigsskóla.

Elín Lilja Jónasdóttir

7. árgangur, 10. tbl. 12. des. 2003:

Bekkjarkvöld hjá 6. ÁR og 6. RS

Foreldrar voru kallaðir á Alþingi með trumbuslætti og sátu á Lögbergi. Nemendur sýndu valda þætti úr lífi Snorra Sturlusonar með leikrænum tilþrifum. Kristnitökunni voru einnig gerð góð skil, einkum var Þorgeir ljósvetningagoði áhrifamikill undir feldinum. Heiðnir og kristnir skiptust í tvær fylkingar, en náðu að komast að samkomulagi að lokum. Í lokin var drukk- ið kaffi og spjallað. Vel heppnað kvöld og nemendur stóðu sig frábærlega vel.

Ása Ragnarsdóttir

8. árgangur, 1 tbl. 28. jan. 2004:

Fjarnám

Síðasta haust hófu sjö nemendur í 10. bekk fjarnám við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Þeir völdu ensku, dönsku og stærðfræði. Í byrjun desember var lokapróf í áföngunum. Allir stóðust prófin og luku sínum áfanga með ágætum. Við óskum þeim til hamingju og ætlum okkur aftur að bjóða fjarnám í vali fyrir unglíngana.

8. árgangur, 3. tbl. 16. mars 2004:

Fjöltefli

Í tengslum við skákhátíð Hröksins í Grafarvogi heimsótti skólann rússneski stórmeistarinn Pavel Tregubov sem hefur 2628 skákstig. Tefldi hann fjöl- tefli við marga nemendur skólans. Margir sýndu góð tilþrif og Jónatan Birgisson í 6. bekk gerði jafntefli við stórmeistarann. Myndir frá fjölteflinu eru á heimasíðu skólans.

8. árgangur, 6. tbl. 23. ág. 2004:

Heitur matur á unglíngastigi

Í vetur geta nemendur á unglíngastigi keypt sér heitan mat í hádeginu. Máltíðin kostar 200 kr. Nemendur verða að vera í áskrift og borga mánaðar- lega fyrirfram. Hægt er að segja mataráskriftinni upp með mánaðar fyrirvara. Ekki er hægt að kaupa staka máltíð. Umsóknareyðublöð fara heim með nemendum mánudaginn 23. ágúst og skal skila þeim til um- sjónarkennara eða á skrifstofu skólans eigi síðar en föstudaginn 28. ágúst.

8. árgangur, 7. tbl. 26. nóv. 2004:

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Skólinn er kominn á fulla ferð aftur eftir langt hlé vegna verkfalls kennara. Þetta hefur verið einkenni- legur tími fyrir alla sem að skólanum standa. Verkfallið

hefur valdið börnum og foreldrum miklum vanda og áhyggjum af námsframvindu. Segja má að kennarar séu að sinna skyldum sínum við starf sitt og framtíð skólans með baráttu sinni en á sama tíma höfðu þeir einnig skyldur við börnin sem sátu heima. Togstreita um skyldur og ábyrgð var einkennandi fyrir alla sem mynda grunnskólasamfélagið, foreldra, nemendur, kennara og stjórnendur. Aðrir starfsmenn áttu heldur ekki sæla daga þegar líða tók á verkfallið því að aðgerðarleysi veldur líka streitu og vanlíðan. Þetta var lengsta og erfiðasta kjaradeila sem grunnskólakennarar hafa verið aðilar að.

Það er mikilvægt fyrir okkur nú að taka reynslu þessa hausts og breyta henni í byggingarefni fyrir framtíðina og græða sárin með því að fyrirgefa það sem sagt var eða hugsað í reiði. Á þessari stundu er erfitt að ráða í hvernig þessi kjaradeila fer því að henni er ekki lokið. Það er þó ljóst að ekki verður rof á skólastarfinu hvernig sem framvindan verður. Það er einlæg von mín að grunnskólinn á Íslandi megi þróast áfram af þeim krafti sem hann hefur gert undanfarin ár, þó segja megi að allt kapp eigi að vera með nokkurri forsjá. Ég skýri þennan mikla hnút sem deilan lenti í meðal annars með kappinu og metnaðinum sem lagður hefur verið í starfið undanfarin ár. Vinnuálag hefur aukist vegna breytinga á innra starfi í bekkjum og vegna skipulagsbreytinga og þróunar skólans í heild. Foreldrar geta kynnt sér stefnu Reykjavíkurborgar í fræðslumálum á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar. Þar er auðvelt að sjá upptalningu á þeim þáttum sem nú eru í þróun ásamt upplýsingum um stöðu fjölmargra atriða sem snerta skólastarfið og veita aðhald.

Hér hef ég leyft mér að fara almennum orðum um atburði haustsins af því að mér finnst mikilvægt að gera tilraun til að skilja atburðarásina. Það er ánægjulegt að greina frá því að kennarar Háteigsskóla stóðu vel saman í baráttu sinni og á sama hátt koma þeir samhentir og samtaka til starfa. Ég leyfi mér að taka það sérstaklega fram að hér er unnið af metnaði og krafti og skipulagsmálin hafa verið tekin föstum tókum. Við höfum gengið hreint til verks í því að svara þeim spurningum sem vaknað hafa í tengslum við skipulagið fram til vors. Nú þegar er að komast nokkur mynd á og munum við hnýta síðustu endana á starfsdaginn 1. desember. Þann dag komum við okkur niður á alla megindrætti í skipulagi skólans svo sem skóladagatali og kennarar munu skoða út frá því nánara skipulag í einstökum árgöngum.

Með von um að við berum öll gæfu til að vinna rétt og vel úr þeim vanda sem skapast hefur.

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla.

8. árgangur, 8. tbl. 16. des. 2004:

Hangikjöt

14. og 15. desember var foreldrum nemenda 1. - 7. bekkjar boðið að koma í skólann og borða hangikjöt með börnum sínum. Þetta er orðinn árviss siður í skólanum og

með þeim ánægjulegri. Aðsóknin var framfar vonum og gengu rúmlega 600 hangikjötsmáltíðir út þessa tvo daga.

9. árgangur, 3. tbl. 31. mars 2005:

Borgarstjóri í heimsókn

Föstudaginn 11. mars kom Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í heimsókn í skólann. Hún hitti kennara að máli og heimsótti nemendur víða í skólanum. Hún gaf sér góðan tíma til að hlusta á óskir og væntingar; einnig að fræðast um skólastarfið. Nemendur sýndu sínar bestu hliðar og voru kurteisir og þrúðir. Meðal annars sungu þeir og lásu fyrir Steinunni og gáfu henni blóm. Steinunni er þökkud kærlega heimsóknin í skólann og vonum við að hún hafi haft gagn og gaman af því að heimsækja okkur.

9. árgangur, 8. tbl. 27. okt. 2005:

Námsferð á Reykjanesskaga

Þriðjudaginn 27. september lögðum við land undir fót og fórum með allt unglíngastigið í Háteigsskóla í námsferð á Reykjanesskaga. Skaginn hefur upp á margt að bjóða, sérstaklega jarðfræðilega. Ferðin hafði tvennskonar tilgang, annars vegar að læra um landið og hins vegar að hafa gaman.

Fyrsti áfangastaðurinn var Kleifarvatn. Nemendur þyrptust út úr rútunum, eins og verið væri að sleppa kálfum út að vori, og geystust upp á kletta og niður í fjöru. Þarna var að finna marga skemmtilega hella og gaman að skoða jarðlögin í jarðveginum. Heldur var veðrið hryssingslegt, blés hressilega af norðri, en hinir einu sönnu víkingar í Háteigsskóla létu það ekki á sig fá.

Næst lá leiðin í Krýsuvík þar sem gengið var um jarðhitasvæðið. Þar var nú heldur hlýrra en við Kleifarvatn og fengum við okkur smá morgunsnæðing þar.

Áfram var haldið framhjá Grænavatni sem eins og bendir til er grænt að lit. Áð var hjá Eldborgum en það eru tvær eldborgir, gígar, undir Geitahlíð. Nú var aldeilis sprett úr spori. Sumir vildu sjá Eldborgir ofanfrá og hlupu upp á Geitahlíð en aðrir fóru upp á Eldborgirnar. Það var frábært útsýni þar uppi og gígarnir magnaðir.

Eftir þetta var ágætt að hvíla sig aðeins í rútunum og var ekið sem leið lá til Grindavíkur og aðeins út á Reykjanesskagann. Allir voru nú orðnir svangir og fundum við þar gjá eina mikla og úfið hraun þar í kring. Þar var farið með hádegismatinn ofan í gjótur og hann snæddur af bestu lyst. Næst lá leiðin út að Reykjanessvita og niður í fjöru við hann. Þar er landslag hrikalegt og þverhnipt niður í sjó. Ekki var lengi stoppað, þar sem veðrið var heldur hryssingslegt.

Síðasti viðkomustaðurinn var á flekamótunum milli Evrasíuflekans og Ameríkuflekans. Þar hoppuðu menn á milli fleka og skráðu nafn Háteigsskóla með steinum í sandinn. Nú voru allir orðnir sandblásnir og veðurbarðir og var því ákveðið að halda heim á leið.

Ferðin var í alla staði frábær og voru nemendur til

fyrirmyndar. Létu þeir í ljós ánægju sína með ferðina. Það er alveg ljóst að slíkar ferðir gera mikið fyrir skólastarfið bæði námslega og ekki síður félagslega. Vonumst við til að héðan í frá verði þetta árviss viðburður þannig að við getum kynnst landinu okkar betur og ekki síður kynnst hverju öðru undir öðrum kringumstæðum en í skólstofunni.

Fyrir hönd unglíngastígs, *Svava Arnórsdóttir*.

9. árgangur, 10. tbl. 13. des. 2005:

Árlegur julefrokost 10. bekkinga

Danskt jólahlaðborð var haldið í fyrsta sinn í Háteigsskóla í desember 1997 undir stjórn Hlínar Helgu Pálsdóttur kennara. Í ágúst það ár höfðu verðandi 10. bekkingar farið í ferðalag með kennurum og nokkrum foreldrum til Danmerkur. Til þess að gera ferðinni skil var brugðið á það ráð að halda samkomu hér í skólanum. Útbúið var hlaðborð að dönskum hætti og nemendur sögðu frá ferðinni í máli og myndum. Þannig varð til þessi skemmtilega hefð sem síðan hefur verið haldin með einni undantekningu sem var í fyrra. Mun kennaraverkfallið sjálfsagt hafa ráðið nokkru um að ekkert varð úr.

Í ár var það 10. HB sem sá um jólahlaðborðið. Nemendur útbjuggu allan matinn sjálfir undir styrkri stjórn Jónínu Sóleyjar Halldórsdóttur dönskukennara síns. Í sal skólans komu saman rúmlega 80 manns; nemendur, foreldrar, kennarar og í einstaka tilvikum fleiri ættingjar nemenda. Gestirnir gæddu sér á veitingunum, m.a. danskri lifrarkæfu, síld, hamborgarhrygg, skinku og fleira góðmeti. Eftir matinn þurrkuðu menn sér með munnþurrkum sem nemendur höfðu brotið saman af einstakri natni. Margir gáfu sér tíma til að skoða verkefni nemenda um Kaupmannahöfn

sem hengd höfðu verið upp á einn salarvegginn. Einnig var sungið við undirleik Daníels nemanda í 10. bekk og hlýtt á fróðleik á dönsku um jólahald í Danmörku. Þar kom m.a. fram að flestir Danir borða önd eða gæs á aðfangadagskvöld. Flestir Danir baka jólasmákökurnar sjálfir og rauðgreni prýðir stofur flestra Dana um jólin.

Kvöldið heppnaðist einstaklega vel og sýndu nemendur allar sínar bestu hliðar. *Þórður Óskarsson*

10. árgangur, 8. tbl. 27. okt. 2006:

Hvernig Háteigsskóli tengist leiðtogafundinum í Höfða

Tuttugu ár eru liðin frá leiðtogafundi Ronalds Reagan, Bandaríkjaforseta, og Mikhails Gorbachev, leiðtoga Sovétríkjanna, í Höfða og er þess minnst með ýmsum hætti.

Æfingaskólinn/Háteigsskóli er tengdur leiðtogafundinum órjúfanlegum böndum. Meðan á leiðtogafundinum stóð heimsótti Ráisa Gorbacheva skólann, skoðaði skólastarfið og gaf skólanum stytta sem stendur á langa ganginum á milli skápanna. Styttan heitir Vorgleði og sýnir þrjár stúlkur sem eiga að túlka trú, von og kærleika.

Á heimasíðu skólans er frétt úr Morgunblaðinu 14. október 1986 sem segir í máli og myndum frá heimsókn Ráisu Gorbachevu í skólann.

Gorbachev segir í ævisögu sinni: „Reykjavík markaði kaflaskipti í mannkynssögunni.“ Reagan forseti hefur haldið því fram að þetta hafi verið ein af stærstu stundum lífs hans, eins og dóttir hans hafði eftir honum síðar. Hún sagði líka að Reagan hefði skynjað að Reykjavíkurfundurinn markaði þáttaskil í mannkynssögunni.

∞ Spakmæli mánaðarins: ∞
Þú veist aldrei hvenær neisti þinn kveikir eld með einhverjum.
Þú veist ekki hvenær eitt orð eða lítið viðvik
opnar glugga og hleypir ljósinu inn.
Hvernig þú lifir getur skipt litlu máli en þú veist það ekki.
Það gæti skipt sköpum fyrir einhvern.

Hollur matur í heimilisfræði

Í heimilisfræði í 8. bekk er það orðinn fastur liður að haldin er fiskréttakeppni. Þá skipta nemendur sér í nokkra hópa og allir fá sama hráefni til að vinna úr, þ.e. ýsuflok, ýmsar tegundir af grænmeti, margskonar krydd og rifinn ost og jafnvel annað sem nemendum gæti dottið í hug. Allir eiga að búa til fiskrétt sem er bakaður í ofni. Er skemmst frá því að segja að úr þessu verða oftast verulega girnilegir og gómsætir réttir og jafnvel nýstárlegir og er yfirleitt erfitt að skera úr um besta réttinn. Það er Erna heimilisfræðikennari sem hefur veg og vanda af keppninni. Þarna læra nemend-

urnir að vinna fiskrétti frá grunni í stað þess að kaupa þá tilbúna í búðum á miklu hærra verði. Foreldrar eru hvattir til þess að leyfa börnunum sínum að spreyta sig stöku sinnum í eldhúsinu og sýna hvað í þeim býr!

Í framhaldi af þessu má líka minna á árlegan grænmetisdag sem haldinn er hátíðlegur af nemendum 4. bekkjar. Þar fá þeir tækifæri til að læra um helstu grænmetistegundir, næringargildi og eldun og svo halda þeir veglega kynningu fyrir nemendur í 1. – 3. bekk. Þeirra kunnátta er ekki síður mikilvæg til að nýta sér heima.

Ólöf Soffía Jónsdóttir



Ólöf var ein af fyrstu kennurunum skólans. Hún byrjaði að kenna handavinnu í Æfingadeild Kennaraskólans og í Kennaraskólanum fyrir 43 árum. Við ræddum við Ólöfu Soffíu Jónsdóttur fyrrverandi textilkennara í skólanum og spurðum hana spjörnum úr.

Við spurðum Ólöfu hvers vegna hún hefði byrjað að kenna og þá sagði hún að hún hefði í rauninni byrjað sem forfallakennari í handavinnu við Æfingadeild Kennaraskólans og Kennaraskólann sjálfan en hún var svo seinna fastráðin sem handavinnukennari við Æfingadeildina sem seinna varð Háteigsskóli.

Þegar hún hóf störf við skólann sem var þá Æfinga- og tilraunaskóli KÍ, fékk hún sína eigin stofu sem var mjög stór og var á fyrstu hæð í eldri byggingunni. Þá var ekki búið að byggja allt en framkvæmdum lauk um 1975. Fyrstu 9 árin sem Ólöf kenndi voru aðeins krakkar á aldrinum 6-12 ára í skólanum, en unglिंगadeildin var svo stofnuð árið 1974 fyrir tilstuðlan Jónasar Pálssonar þáverandi skólastjóra. Nemendum fjölgaði mjög mikið þegar skólinn var gerður að hverfis-skóla. Þá voru byggðar lausar kennslustofur til að hægt væri að hýsa alla nemendurna. Með tilkomu nýju byggingarinnar 1998 var kennslu hætt í lausu kennslustofunum sem ætíð voru kallaðar Álfhóll.

Aðspurð sagði Ólöf okkur að eitt af því eftiminnilegasta sem gerst hefði á þessum 43 árum í hennar huga og eflaust fleiri hefði verið ferð kennara til Viðeyjar á fyrstu árunum. Ferðin átti að vera skemmtiferð en svo kom babb í bátinn. Þannig var að báturinn sigldi upp á eina skerið á milli Viðeyjar og Sundahafnar. Þar sátu kennarnir fastir í fjóra tíma. Það voru bara til tvö björgunarvesti. Þegar flæddi aftur að rak bátinn að bryggju í Gufunesi og þar húkkuðu þau sér far heim, sumir með öskubílum!

Ólöf segir að andrúmsloftið í Háteigsskóla sé það besta við skólann. Hér hafi alltaf verið mjög gott að vera og henni hafi alltaf liðið mjög vel. Frá upphafi þessa skólaárs hefur hún unnið í móttökudeildinni en ekki sem textilkennari og líkar henni þar vel. Við þökkum Ólöfu Soffíu fyrir viðtalið.

Dagný, Kristín og Valgerður í unglिंगadeild

Foreldrafélagið gefur fána og fánastöng

Í tilefni af fjörutíu ára afmæli skólans hefur Foreldrafélag Háteigsskóla fært honum að gjöf fána og fánastöng. Fánarnir, sem eru fimm að tölu, eru prýddir merki skólans. Árið 1997 var efnt til samkeppni meðal nemenda um merki skólans. Fjöl margar hugmyndir bárust en sú sem hlutskörpust varð var tillaga Eyrúnar Eggertsdóttur, þá nemanda í 10. bekk. Það var svo faðir hér í skólanum, Kalman le Sage de Fontenay, grafískur hönnuður, sem útfærði merkið og lagði á það lokahönd. Merkið hefur síðan verið notað á umslög og bréfsefni og einkunnabækur, en hefur ekki komið á fána fyrr.

Fánastönginni hefur verið komið fyrir á lítilli grasflöt sunnan megin við bílastæðið sem er á milli skólahússins og íþróttahúss. Á grasflötinni hafa nú verið reistar tvær fánastangir en hugmyndin er að í framtíðinni verði þeirri þriðju bætt við.

Foreldrafélaginu eru færðar kærar þakkir fyrir höfðinglega gjöf.

Þórður Óskarsson, aðstoðarskólastjóri.

Fyrstu skólastjórnarnir

Verkefnið okkar var að finna fyrstu skólastjórana og við gerðum plakat þar sem við fundum myndir af þeim og skrifuðum stuttan texta um þá. Þetta var mjög áhugavert og skemmtilegt. Það verður sýnt á afmæli skólans þar sem hægt er að sjá skólastjóra, kennara og nemendur skólans frá stofnun skólans. Við fengum upplýsingar um skólastjórana frá KHÍ og frá núverandi skólastjóra (Ásgeiri Beinteinssyni).

Harpa, Þórður, Telma Rut, Aron og Ari Tómas í unglिंगadeild

Háteigsskóli

*Háteigsskóla er ég í,
það er svo gaman að leika
við vini núna saman
og stundum heyrist æ og ó,
en nú er friður og ró.*

Gunnar Sigurðsson, 6. bekk

Barnaskólar í gamla daga

Viðtal við Guðrúnu Jónsdóttur í Lönguhlíð

Hvaða ár ertu fædd? Ég er fædd árið 1922.

Varstu í skóla á höfuðborgarsvæðinu? Nei, ég var í farskóla í sveitinni.

Hvernig var skólinn? Hann var góður, það féll aldrei neinn dagur niður.

Fannst þér gaman í skóla? Já, yfirleitt.

Hvernig var félagslífið í skólanum? Það var ágætt.

Hvernig var námsefnið? Reikningur var svolítið erfiður en lögð var mikil áhersla á lestur, framburð og skrift.

Hvenær byrjaðirðu í skóla? Ég byrjaði 10 ára árið 1932.

Voru kennararnir strangir? Þess þurfti ekki því krakkarnir voru agaðir að heiman.

Hve langur var skóladagurinn? Hann var frá kl. 9 til 16.

Hversu langt var skólaárið? Það byrjaði 10. október og yfirleitt var kennt út maí.

Voru stundaðar íþróttir í skólanum? Nei, það var ekki boðið upp á það en það var sundlaug á bænum sem ég bjó á sem við bjuggum til en það var ekki rennandi heitt vatn.

Var mikil heimavinna? Nei, við gerðum hana oftast í skólanum.

Hvenær var byrjað að læra dönsku eða ensku? Engin danska eða enska var kennd.

Lömdu kennarar börnin í hendur þeirra ef þau voru óþæg? Nei, þess þurfti ekki.

Var skólinn fámennur? Já, hann var frekar fámennur.

Hvernig voru árganganir skiptir? Það var kennt það sama hjá öllum og allir voru saman.

Hversu löng var skólagangan hjá krökkum þá? Það var kennt fram að fermingu.

Hvað voru margar pásur á dag? Það voru 2 pásur, sem sagt matarhlé og kaffihlé.

Höfundar: Björn, Daniel, Gunnar Jökull, Hólmfríður, Hléu og Þórunn í unglingsdeild

Kvikmyndagerð

Stuttmyndahátíðin **Hilmarinn** var haldin föstudagkvöldið 7. nóvember í Háteigsskóla. Hátíðin var opin öllum ungmönnum í miðbæjar- og Hlíðahverfi. Hátíðarsalur skólans var troðfullur af þrúðbúnu fólki. Margar myndir voru sýndar en besta myndin var valin **Púslíð** eftir **Daniel Gylfason** og **Atla Jasonarson** í Háteigsskóla. Dómarar voru Hilmar Oddsson kvikmyndagerðarmaður sem hátíðin heitir í höfuðið á, María Lilja Þrastardóttir handritshöfundur og Guðmundur Jónas Haraldsson kvikmyndagerðarmaður.

Allar stuttmyndirnar í ár voru sérstaklega góðar. Í öðru sæti varð myndin frá 101, **Disorganized Schizophrenia**. Einnig fékk hin fallega leirkarlamynd **Fótboltaslysið** sérstök verðlaun og myndin **Það sem þú gerir ekki** fékk verðlaun fyrir einstakt raunsæi; filmuáferðin var í samræmi við innihald myndarinnar.

Sigurvegurum og þátttakendum er óskað til hamingju með einstaklega glæsilega hátíð. Það var félagsmiðstöðin 105 sem stóð fyrir hátíðinni hér.

Nemendur Háteigsskóla gerðu sínar myndir í kvikmyndavalinu hjá Rannveigu Þorkelsdóttur kennara. Myndin **Púslíð** var líka val-in í síðustu viku ein af 10 bestu stuttmyndunum í kvikmyndakeppni sem kallast **Ljósvalaljóð**. Alls kepptu 46 myndir í keppninni. Myndirnar **Það sem þú gerir ekki** og **Fótboltaslysið** voru líka gerðar í kvikmyndavalinu hér. Vel heppnuð hátíð og nemendur Háteigsskóla fengu þrenn verðlaun af fernum mögulegum á Hilmarinum. Það er því ljóst að nemendur Háteigsskóla eru að gera góða hluti í kvikmyndagerð.

Atli Jasonarson.



Myndir úr sögu skólans



Fréttastofa á Ólafsdögum



Árleg hangikjötsveisla skólans á aðventunni



Útivistardagur á Miklatúni



Íþróttahátíð á yngsta stigi




Árshátíð unglíngastígs er nemendum til sóma



Grímugerð í myndmennt



Hátíð eftir hundrað daga í skólanum



Árleg jólasamkoma unglíngja í Háteigskirkju



Söngleikurinn „Gris” í fullu fjöri



Unglingar í haustferð



Julefrokost í undirbúningi



Vorhátíð - árlegur viðburður síðan 1996



Tilraun með vatn á þemadegi



Fjör á öskudegi



Leiklist er snar þáttur í starfi skólans



Nemendur á Úlfliðsvatni

Kennarahúsið

Á köldum miðvikudags eftirmiðdegi í september röltum við í hóp VI með Svövu niður að Laufásvegi 81, að húsi Kennarasambands Íslands. Þar tók á móti okkur indæll maður að nafni Hannes. Hann fór með okkur á neðri hæð hússins og gaf okkur þar kex og djús. Þar flutti hann fyrir okkur stuttan og afar áhuga-verðan fyrirlestur um sögu Kennaraskóla Íslands og okkur voru einnig sýndar fáeinar myndir sem höfðu verið teknar í gegnum tíðina. Hannes rölti svo með okkur um hæðir hússins, sem eru þrjár talsins. Þetta var voðalega spennandi, þar sem gólfín eru um aldar gömul og alveg upprunaleg.

Tveir stigar eru í húsinu, annar þeirra er einnig upprunalegur, en hinn var seinna byggður inn í húsið. Ofnarnir þarna eru með fallegu mynstri. Eftir að þykkt lag af málningu hafði verið tekið af, kom það í ljós þegar húsið var að hluta til tekið í gegn. Á efstu hæðinni, sem er notuð sem mataraðstaða fyrir starfsfólkið, eru upprunalegar sperrur í loftinu. Þetta eru nokkuð sterkir trébútar sem virka mjög vel ennþá, þar sem þeir halda húsinu enn uppi.

Í hvert sinn sem nýr skólastjóri kom og tók við skólanum flutti hann og fjölskylda hans í risið og bjó þar. Börn viðkomandi skólastjóra voru líka nemendur í skólanum og var nú þá mjög stutt leið í skólann.

Fyrir mörgum árum fundu rónar bæjarins alltaf einhverjar leiðir til þess að komast inn í húsið og voru þeir þar dögum saman. Þeir sváfu þar við hitakompuna á efri hæðinni til að halda á sér hita.

Þegar Kennarasambandið ákvað að þiggja gamla

Kennaraskólann að gjöf var ljóst að framundan var mikið verk og vandasamt. Ætlunin var frá upphafi að starfsemi sambandsins yrði flutt í húsið, en þar sem það var friðað að ytra útliti mátti ekki breyta því að ráði. Fljótlega kom upp sú hugmynd að hafa skrifstofur sambandsins á tveimur aðalhæðum hússins. Í kjallara skyldi vera fundarsalur en í risi setustofa. Til þess vandasama verkefnis að teikna húsið á nýjan leik og skipuleggja það að innan var fenginn Páll V. Bjarnason arkitekt.

Framkvæmdir við endurbyggingu hússins að utan hófust í september 1991 og kom þá í ljós, þegar járnklæðning var fjarlægð, að húsið var ekki eins illa farið og margir höfðu óttast. Burðarviðir og timburklæðning voru óskemmd nema á austurgafli. Nokkrir gluggar voru endurnýjaðir og nýtt gler og gluggakarmar settir í alla glugga. Á fyrstu hæð var bætt við gluggum, einum á hvorn gafl. Nokkrar breytingar voru gerðar á húsinu að utan, eftir samþykkt Húsfríðunarnefndar. Aðalinnangangur var fluttur frá vesturgafli yfir á norðurhlið og lyft var þaki á útbyggingu á norðurhliðinni, þar sem ætlunin er að setja lyftu til að auðvelda aðgang fatlaðra að húsinu. Í ljós kom þegar framkvæmdir hófust og grafið var frá austur- og norðurhlið hússins, að ekki var steiptur sökkull undir kjallaranum.

Húsið var reist samkvæmt laganna hljóðan og skólinn settur í fyrsta sinn 1. október 1908.

(Heimildir: Heimasiða KÍ, bæklingur KÍ og Hannes K. Þorsteinsson)

Kolfinna, Alexander, Svana Dís og Pétur Axel í unglingsátt

Háteigsskóli í 40 ár!!

Hér ætla ég að skrifa nokkrar hugmyndir um hvernig við gætum haldið upp á afmælið í skólanum.

1. Við gætum skreytt skólann í anda hippatímabilsins því hann var byggður á hippatímabilinu. Fyrsta daginn myndum við læra um hippana og svo næstu daga myndum við fara í fjallgöngu og á skauta og svo framvegis. Seinasta daginn eftir 3 vikur myndi vera hippaball.

2. Við gætum farið í útilegu og gist í tjaldi um helgi og á kvöldin myndi vera varðeldur og þá væri sungið og svoleiðis.

3. Við gætum gist í skólanum um helgi og farið í leiki og svo horft á mynd og eitthvað.

4. Sameina skólann með því að gera leikrit. Þá myndu allir á yngsta stigi gera leikrit saman, miðstig saman og unglingsstig saman.

5. Kennararnir myndu gera leikrit saman og krakkarnir myndu fara í sund, keilu, húsdýragarðinn með dagspassa og svo framvegis.

Þetta eru hugmyndir sem ég myndi vilja að væru notaðar.

Eglé Sipaviciute, 6. bekk

Í Háteigsskóla

*Í smíði Fríða kennir mér,
Guðný kennir textíl,
Sigga Jóna myndir ber
og Elín aldrei fer
úr skólanum hjá mér.*

Nína Kolbrún Gylfadóttir, 6. bekk

Háteigsskóli

*Í Háteigsskólanum líkar mér vel,
þar læri ég margt sem að gagnlegt ég tel.
Í morgunsöng tónarnir líða á loft,
í vinnusama skólanum við lærum þar oft.*

Martyna og Líska, 6. bekk

Afmæli í Háteigsskóla

*Háteigsskóli er góður skóli,
skóli skólanna,
aldrei getur góður skóli
skemmt krakkana.*

Bjarki Ólafsson, 6. bekk

Frá 4. bekk

Við í 4. bekk bjuggum til líkan af skólanum eins og hann var fyrir 40 árum. Þá var enginn glerskáli og engin unglíngadeild. Bókasafnið var á ganginum og kennarastofan í kjallaranum. Úti var bara mól og körfuboltavöllur og ekkert malbik. Krakkarnir þurftu alltaf að fara í röð úti þar til kennarinn kom að sækja þau, sama hvernig veðrið var.

Við fengum mikla fræðslu um það hvernig skólinn var í gamla daga. Hanna Mæja kom í heimsókn og sagði okkur hvernig var í skólanum þegar hann var nýr og Hildur fræddi okkur um skólann og hvernig hverfið var í gamla daga. Við skoðuðum líka bækur og myndir frá ýmsum tímum.

Draugasaga

Einu sinni bjó maður í litlum bæ og þar var stór hellir. Maðurinn heyrði úr honum jafnt nóttu sem degi,

„ég er draugur“. Næstu fjóra daga heyrði hann alltaf sömu orðin. Næsta dag fór hann og kíkta í hellinn og sá þar dökkan skrímslaskugga á veggnum. Skugginn var ógurlegur og ógeðslegur með sex klær og stórt nef. Inni í hellinum heyrðist „ég er draugur“ hátt og bergmálaði um allan hellinn. Maðurinn labbaði aðeins lengra og sá litla fætur, lítinn gogg og tvo litla vængi. Þetta var þá páfagaukur eftir allt saman.

Signý Ylfa Sigurðardóttir, 2. bekk

Dagur í Háteigsskóla

Ég vakna um morgun og kíkta út um gluggann og sé ísinn við skólann og snjóinn og borða morgunmatinn. Síðan fer ég í skólann og að læra. Til Fríðu að smíða flugvél eða spýtur. Fer svo í frímínútur í fótbolta. Og síðan hringir bjallan og allir fara inn og að læra. Síðan fer ég heim.

Guðmundur Þórir Sigurðsson, 6. bekk

Orðarugl úr sögu Háteigsskóla

P	X	N	V	T	A	N	J	O	R	S	H	S
K	E	N	N	A	R	A	N	E	M	Á	R	V
Y	L	J	U	Q	B	U	Æ	B	T	N	F	E
O	T	H	W	E	D	X	F	E	R	Í	K	I
W	B	R	E	Y	T	T	I	S	T	H	E	T
M	R	S	T	Y	K	G	N	Y	V	A	X	A
A	N	G	A	H	S	E	G	Y	W	F	K	R
F	F	H	D	S	M	D	A	F	N	A	X	F
M	L	V	K	E	N	N	S	L	A	I	G	É
Æ	F	Ó	N	I	R	C	K	C	I	F	E	L
L	L	D	Y	B	O	R	Ó	S	U	I	J	A
I	U	P	S	F	Q	D	L	Y	X	C	X	G
R	P	L	E	I	K	L	I	S	T	S	B	A

HÁTEIGSSKÓLI	KENNSLA	KENNARANEMAR	LEIKLIST
NEMENDUR	AFMÆLI	VAXA	DAFNA
BREYTTIST	RÍKI	SVEITARFÉLAG	ÆFINGASKÓLI

Höfundar: Marteinn, Geir og Kristinn á unglíngastigi.

Viðtöl við nokkra fræga fyrrverandi nemendur skólans

Nafn: **Barði Jóhannsson**

Hvaða ár varstu í skólanum? Frá c.a. 1982-1991.

Fyndnasta atvik: Það eru mörg fyndin atvik. Öll þau skemmtilegustu eru óprentað og hafa lítið forvarnargildi.

Skrítnasta vinnan þín: Að hanna fót á stytta af sjálfum mér. Stytta var í fullri stærð. Hvort tveggja var svo sýnt í listagallerí í Milano á Ítalíu...

Manstu hvað kennarar þínir heita? Anna, Lilja og Palli voru umsjónarkennarar.

Ég var aldrei í neinu sérstöku upphaldi hjá þeim held ég.

Uppáhaldsleikari: Christopher Walkin & Jeremy Irons.

Uppáhaldslitur: Svartur.

Uppáhaldshljómsveit: Bang Gang.

Lokaorð: Kennarinn hefur ekki alltaf rétt fyrir sér og það er í lagi (helst kostur) að vera öðruvísi en aðrir.

Kveðja og gangi ykkur vel! *Barði*



Nafn: **Benedikt Hermann Hermannsson**

Hvaða ár varstu í skólanum? 1986-1996..

Fyndnasta atvik: Þegar ég spilaði lagið með Mósak hljómsveitinni, Guðrún Dalía söng.

Skrítnasta vinnan: Vinna í móttökunni Holluströnd.

Manstu eftir hvað kennararnir þínir heita? Sigga Jóna, Auðbjörg, Lilja Jóns, Anna Jeppesen, Óli eðla og svo Ólöf, en hjá henni var ég mikill gæi og gerði henni lífið leitt!

Uppáhaldsleikari: Jeremy Irons.

Uppáhaldslitur: Rauður.

Uppáhaldshljómsveit: FM Belfast.

Lokaorð: Bið að heilsa öllum í skólanum!

Nafn: **Margrét Vilhjálmsdóttir**

Hvaða ár varstu í skólanum: Ég held að það hafi verið á tímabilinu 1975-1981.

Fyndnasta atvik: Þau voru svo mörg atvikin, enda var maður á hláturskasts-stigi lífsins. En eitt af mörgu var að ég hafði einhvern veginn komið mér í þá stöðu að ég gat fengið með mér nokkra til að setja upp leikrit, enda flott svið inni á sal. Það var mjög spennandi ferli og fullt af góðum vinum sem tóku þátt (þ.e. sem ég hafði platað til að vera með). En ég hafði alla vega stólpátrú á sjálfri mér og leikstýrði sjálf. Svo á sýningarkvöldi, sem líklega var einhver skólaskemmtun, þá fór allt úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis. Enginn vissi hvenær hann átti að fara inn á svið og hvenær út. Ekki kannski svo fyndið fyrir okkur þá, en dásamlega fyndið í minningunni.

Skrítnasta vinnan: Já, það er nefnilega það ...sko í gamla daga...nei, í alvöru, við byrjuðum að vinna svo ung. Þegar ég var 12 að verða 13 fékk ég vinnu í Kexverksmiðjunni Frón við að pakka kexpökkum í kassa! Frón kex – þið vitið mjólkur-kex - Sæmundur á sparifötunum? Jæja, skiptir ekki máli, en það var mjög skrítið. Að vera svona lítill (stór) og vinna við hliðina á mjög svo skrautlegu liði. Einn verkstjórinn (fimmtugur) gekk um með Elvis greiðslu og ein konan var með tréfót. Þetta var ekkert grín. Þetta var eins og að lenda í einhverri súrrealískri kvikmynd.

Manstu eftir kennurunum þínum? Jú og sum eru minnisstæðari en önnur: Jón söng, Anton leikfímkennari, Dagný, Stella, Tjörvi, Erna og Sigga. Sigríður Egilsdóttir kenndi mér reyndar frá 6. bekk og var minn bekkja-kennari og ó, hvað mér þótti vænt um hana. Ótrúlega sæt og kenndi okkur íslensku. Svandís kenndi dönsku og var líka mamma bestu vinkonu minnar. Og svo margir aðrir sem ég vona að fyrirgefi að ég man ekki nöfnin á í augnablikinu.

Uppáhaldsleikari: Leikararnir sem tóku þátt í þessari undarlegu tilraun minni á uppsetningunni á „Ísland“, Vala, Ósk, Ágúst, Kristín og öll hin. Við sumsé gerðum leikgerð sem við unnum upp úr tónlist Spilverks þjóðanna af vínplötunni „Ísland“. hihhi....



Uppáhaldshljómsveit: Á þeim tíma var það Supertramp, Johnny Cash, Bob Dylan og Janis Joplin (ég hef alltaf verið gömul sál). Núna skipti ég um uppáhaldstónlist eftir árstíðum.

Uppáhaldslitir: Hef alltaf verið veik fyrir bleikum, en annars bara allur regnboginn.

Lokaorð: Takk fyrir að taka viðtal við mig. Það var ánægulegt að rifja upp þann góða tíma sem ég átti í þessum skóla. Vona að ykkur gangi allt í haginn. Áfram Háteigskóli!!!! (hét Æfingadeild Kennaraskóla Íslands þegar ég var).

Höfundar: Elín Metta og Ingunn í 8. bekk.

Frá Frístund

Frístundaheimilið Frístund í Háteigsskóla hóf starfsemi sína árið 2004 þegar að ÍTR tók við rekstri skólasela í Reykjavík. Frístund býður upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6 – 9 ára barna lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsfólk frístundaheimilanna leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Lögð er áhersla á að foreldrasamstarf sé virkt og ánægjulegt og að foreldrar hafi tök á að kynna sér og hafa áhrif á starfið



Skólaárið 2008 – 2009 fór vel af stað og hafa aldrei verið jafnmörg börn með vistun í Frístund eða 85 börn. Sérstök verkefni sem frístundaheimilið vinnur að í ár eru jóla í skókassa, Hverfahátíð miðborgar og Hlíðahverfis, klúbbastarf fyrir eldri börn, Íþróttaskóli Vals og barnastarf Háteigskirkju.

Umsjónarmaður Frístundar er Ólafur Brynjar Bjarkason.




í frístundaheimilinu, m.a. með foreldrafundum og útgáfu fréttabréfs. Á heimasíðu Frístundar er að finna margvíslegar upplýsingar um starfið og eru foreldrar hvattir sérstaklega að kynna sér þær upplýsingar á www.kampur.is/fristund.

KROSSGÁTA

Marteinn Urbancic og Kristinn Jóhannsson

Þetta er krossgáta um Háteigsskóla

(Lausn er aftast í blaðinu)



Lárétt

- 1 Enskukennarinn
- 3 Kenndi árin 2005 og 2006, eignaðist síðan barn
- 8 Kenndi eðlisfræði (2 orð)
- 10 Húsvörður
- 12 Kennari í landafræði
- 13 Tónlistarmaður sem var í Háteigsskóla (3 orð)
- 14 Skólastjórinn
- 15 Kennir myndmennt (2 orð)
- 18 Aðstoðarskólastjórinn
- 20 Fæddi barn á árinu

Lóðrétt

- 2 Íslenskukennarinn
- 4 Þar sem maður saumar og þrjónar
- 5 Kennari sem kennir 1. bekk
- 6 Kennir leiklist og kvikmyndagerð
- 7 Ofurhetja unglingsstigsins! (2 orð)
- 9 Er ritari og var stuðningsfulltrúi hjá árgangi '93 í 1. bekk
- 11 Flutti til Eþíópíu
- 13 Kenndi árgangi '93 og er núna að kenna þeim líffræði
- 16 Kennir stærðfræði
- 17 Stofnunarár skólans
- 19 Kenndi áður textíl


Tvífarar nemenda í Háteigsskóla




Ingólfur Sigurðson – nemandi



Cristiano Ronaldo – fótboltamaður



Snorri Már Arnórsson – nemandi



Clay Aiken – Idolstjarna

Fríðrik í 10. bekk og Hannes í 8. bekk

Kennarar eru líka fólk



Helgi Baldurs

Hvað er sérstakt við þig? Mér þykir einstaklega vænt um stærðfræðina.

Hvað hefurðu unnið lengi hér í skólanum og við hvað? Ég hef unnið hér í 7 ár við að kenna stærðfræði.

Hefurðu einhvern tímann verið í fangelsi, ef svo er hvers vegna? Nei, ég hef aldrei náð því.

Í hverju sefurðu? Þótt skammarlegt sé að segja frá þá sef ég í náttserk (náttkjól).

Hvað er uppáhalds maturinn þinn? Það er grillmatur!

Hefurðu gert eitthvað vafasamt í fortíðinni? Oft! (Fleira fengum við ekki að vita...)

Coke eða Pepsí? Sóðavatn.

McDonalds eða Burger King? Ég borða ekki óþverra en ég kys frekar Burger King.

Hvaða íþrótt æfðirðu sem krakki? Handbolta var ég aldrei góður í en badminton og tennis æfði ég.

Hver eru þín áhugamál? Þau eru stærðfræði(!), golf og ferðalög.

Harry Potter eða Lord of the Rings? Lord of the Rings en Harry Potter er einnig skemmtileg.

Plús eða mínus? Þetta er góð spurning en ég verð þá að velja

mínusinn. Hann er vandasamur, hættulegri.

Ferðu oft út að skemmta þér? Nei..

Á laugardagskvöldum þá? Slæpast í sófanum og dunda mér við nokkur stærðfræðidæmi.



Magnea

Hvað er sérstakt við þig? Ég er samviskusöm og smámunasöm.

Hvað hefurðu unnið lengi hér í skólanum og við hvað? Þetta er tíunda árið. Ég byrjaði sem miðstigs kennari.

Hefurðu einhvern tímann verið í fangelsi, ef svo er hvers vegna? Nei, ekki er svo.

Í hverju sefurðu? Ég sef bara í bol.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Úff, ég er svo mikil alæta en íslenskt lambakjöt stendur upp úr.

Hefurðu gert eitthvað vafasamt í fortíðinni? Nei, ég er bara svo ógeðslega góð.

Coke eða Pepsí? Kók, en ég er að venja mig af því.

McDonalds eða Burger King? Burger King er finni.

Hvaða íþrótt æfðirðu sem krakki? Voða lítið, ég fór í smá tíma í frjálssar.

Hver eru þín áhugamál? Ég les voða mikið og svo er einnig handavinna í uppáhaldi.

Harry Potter eða Lord of the Rings? Harry Potter.

Plús eða mínus? Plúsplús.

Ferðu oft út að skemmta þér? Ekki nú orðið, ég er orðin svo gömul.

Á laugardagskvöldum þá? Ég borða góðan mat og hef það notalegt.



Svava

Hvað er sérstakt við þig? Ég er ógeðslega hress og skemmtileg.

Hvað hefurðu unnið lengi hér í skólanum og við hvað? Ég hef verið hér í 11 ár.

Ég hef kennt við miðstíga, unglíngastíga og einnig verið aðstoðarskólalastjóri.

Hefurðu einhvern tímann verið í fangelsi, ef svo er hvers vegna? Ég hef komið inn, það tengdist öðrum.

Í hverju sefurðu? Dolly Parton samfellu.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Andarbringur.

Hefurðu gert eitthvað vafasamt í fortíðinni? Já, ég hef brotið klósett og verið fegurðardrottning á þorrablóti.

Coke eða Pepsí? Pepsí Max.

McDonalds eða Burger King? Hvort tveggja er ógeð.

Hvaða íþrótt æfirðu sem krakki? Ég æfði frjálsar.

Hver eru þín áhugamál? Þau eru útivist, ferðalög og íþróttir.

Harry Potter eða Lord of the Rings? Báðir eru hundleiðinlegir.

Plús eða mínus? Plús?

Ferðu oft út að skemmta þér? Nei, ekki nú, ég gerði það áður fyrr.

Á laugardagskvöldum þá? Þá horfi ég á góða mynd og knúsa kallinn.

Höfundar: Gerður, Salvör og Ásrún á unglíngstígi.

Háteigsskóli

*Ég fæ mér blund
það er morgunstud.*

*Er tilbúin í skólann
og stíg á skósólann.*

*Loksins byrja að læra
um eitthvað sem hægt er að færa.*

*Fer út að leika mér
í skólanum hér.*

*Svo er skólinn búinn
og ég er öfugsnúin.*

*Háteigsskóli er góður
og rosalega fróður.*

Birna María Másdóttir, 6. bekk

Fyrsti skóladagurinn í Háteigsskóla

Þegar ég kom í Háteigsskóla á skólasetninguna var ég svolítið feimin. En síðan á fyrsta skóladeginum var ég ekki feimin því að ég fann strax hvað það voru góðir krakkar í bekknum. Það komu auð-

vitað allir og heilsuðu og kynntu sig og ég eignaðist marga góða vini og vinkonur á þessum fyrstu dögum í skólanum. Og núna er ég eiginlega á hverjum degi að leika við vini mína fram á kvöld. Það eru líka mjög góðir kennarar í Háteigsskóla (t.d. Elín Vigdís Ólafsdóttir og Heiðveig Hanna Friðriksdóttir). Sem sagt, Háteigsskóli er gjörsamlega BESTI skólinn á allri jörðinni!!

Ingibjörg Jóna Guðrúnardóttir, 6. bekk

Háteigsskóli

*Skólinn minn er góður
og í íþróttum verður maður móður,
en kennarinn minn er sko fróður
og enginn í bekknum er óður.*

*Í myndmennt teiknar maður myndir
en í sundi maður syndir
og við alla kennara maður lyndir
og flestir eru frekar fyndnir.*

*Í Háteigsskóla er mikið að gera,
eldhúskonurnar skera mat
og bera fram á fat
og það er fyrirtak.*

Anna Snjólaug Valgeirsdóttir, 6. bekk

Brandarahorn

Höfundur: Gerður 10.bekk

Súpermann

Spurning: Hver er munurinn á venjulegum manni og Súpermann?

Svar: Venjulegur maður er í nærbuxunum sínum innan undir buxunum.

Bjartsýna músin

Það voru einu sinni fill og mús að fara í sund. Þegar þau komu að sundlauginni sagði fillinn: „Æ, ég gleymdi sundskýlunni minni heima.“ Þá sagði músin: „Ekkert mál, ég er með tvær.“

Fyndni andinn


Maður fann flösku með anda í og gaf andinn honum ósk.

„Gerðu mig ómótstæðilegan í augum kvenfólks,“ bað maðurinn og *ABRAKADABRA*... hann breyttist í Visakort.

Símtalið

Maður hringir í móðursýkiskasti í sjúkrahúsið, „konan mín er ólétt og hún er komin með hríðir“. „Er þetta hennar fyrsta barn,“ spyr læknirinn. „Nei, fíflíð þitt,“ svarar maðurinn, „þetta er maðurinn hennar“.

Lausn á krossgátu



Slúður.....

Heyrst hefur að...

- Barack Obama sé nýi forseti Bandaríkjanna. Oooomg
- kisinn hennar Jacky borði pappír.
- það sé kreppa.
- BT sé þess vegna farið á hausinn, sveeeeeekk!
- Og líka kannski Skjár einn -.-
- Justin Timberlake sé með sýkingu í hálsi.
- yngsta stigið sé komið með ný sippubönd! :D
- Helgi sofi í náttkjól.
- Erla hafi eignast barn og það sé sæt stelpa :)
- Tóti aðstoðarskóló og Magnea hafi verið saman í íslenskukennaranámi!
- það séu komnar nýjar gardínur í samfó stofuna og að Svava sé að digga þær í tætlur.
- mamma, bróðir og frændi Jennifer Hudson hafi verið myrt í október.
- það séu u.þ.b. 380 nemendur í háteix!



Höfundar: Dagný, Valgerður og Kristín í 9. bekk

Háteigsskóli

Ég vakna um morgun og burstu í mér tennur. Og fæ mér eitthvað í magann og flýti mér í skólann. Svo fer ég í bekkinn. Í skólanum mínum er friður og ró. Allir kennarar eru mjög góðir, en stundum hlusta krakkar ekki á kennara og hafa mikil læti. Það er ekki gott. Eins og í matsalnum. En skólinn minn er frábær.

Páll Minh Phuong Jakobsson, 6. bekk

Bekkjarandinn

Bekkjarandinn í bekknum getur verið góður ef við viljum hafa hann þannig. Við reynum oftast að gera okkar besta en það er erfitt stundum. En ef við hlustum á kennarann og förum eftir öllu sem þær segja, verður góður bekkjarandi í bekknum. En sem mestu máli skiptir er jákvæðni.

Bjarki Ólafsson, 6. bekk

Saga Háteigsskóla



Mái 1983: Nemendur og kennarar Æfingadeildar Kennaraháskólans í skruðgöngu. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur)

Upphaf Háteigsskóla á rætur sínar að rekja til ársins 1908. Þá tók Kennaraskólinn til starfa og allt frá byrjun blundaði í hugum manna að stofna æfingaskóla. Sá draumur rættist árið 1968 að Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskóla Íslands tók til starfa í nýbyggðu skólahúsnæði á Rauðarárholti. Fram að þeim tíma hafði æfingakennsla farið fram í svokölluðum æfingadeildum, en í þeim voru börn á skólaaldri sem kennt var af kennurum Kennaraskólans. Á fyrsta starfsári Kennaraskólans var tuttugu börnum kennt í kjallara skólans. Kennsluæfingar voru þá fimm stundir á viku og voru þær í kristnum fræðum, íslensku, reikningi, náttúrufræði og landafræði. Næstu áratugina fór æfingakennslan fram á nokkrum stöðum: Í kennaraskólahúsinu, í Miðbæjarskólanum, í Austurbæjarskólanum og í Grænumborg. Um miðja tuttugustu öld var fjöldi kennaranema orðinn slíkur að ekki var mögulegt að öll æfingakennsla færi fram í bekkjum æfingakennara og þá var leitað til almennra skóla um að taka þátt í henni. Við

það var starfsumhverfið mun flóknara en jafnframt fjölbreyttara. Þegar rekstur grunnskóla var færður frá ríki til sveitarfélaga árið 1996 var Æfingaskólinn lagður niður sem slíkur og gerður að hverfissskóla í Reykjavík. Eftir að hlutverk skólans breyttist var efnt til samkeppni um nýtt nafn á skólann meðal nemenda, foreldra og starfsmanna. Var ákveðið að skólinn skyldi heita Háteigsskóli. Hann er því á margan hátt bæði gamall og nýr. Háteigsskóli sem slíkur hefur vaxið og dafnað á þessum 40 árum sem hann hefur verið starfræktur og er nú einn af fremstu skólum landsins í mörgum málum, til dæmis hefur hann verið móðurskóli fyrir leiklist í kennslu og einnig er móttökudeild skólans margrómuð fyrir góðan árangur í íslenskukennslu. Skólinn er einn af þeim grunnskólum landsins sem sinna æfingakennslu. Kennaranemar eru tíðir gestir og er þeim alltaf vel tekið af nemendum.

Höfundar: Valgerður, Dagný og Kristín Hulda í 9. bekk

